

**Borgarstjórn**  
**4. febrúar 2020**

### **Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um framtíðarlandsvæði fyrir starfsemi skotfélaga**

Lagt til að fundin verði lausn á framtíðarlandsvæði fyrir Skotfélag Reykjavíkur og Skotreyrn á Álfsnesi í sátt við íbúa Kjalarness og Kollafjarðar.

#### **Greinargerð:**

Borgarfulltrúi Miðflokksins tekur undir þær áhyggjur sem fram koma í bókun íbúaráðs Kjalarness um mikla mengun á þessu svæði bæði hvað varðar hljóðmengun og ekki síður þung málmsmengun af blýi. Það er sláandi staðreynd samkvæmt skýrslunni sem er hér sem fylgiskjal - að Ísland er eina landið á Norðurlöndunum sem bannar ekki blý á æfingaskotvöllum. Hér eru lagðar fram staðreyndir sem finna má á Vísindavef Háskóla Íslands: <https://www.vedur.is/mengun/mengun/thungmalmar/> „Lífverur þurfa að fá dálítið magn af járn, kopar og sinki með fæðunni. Aðrir þungmálmar eru einungis skaðlegir, svo sem blý, kadmíum og kvikasilfur, og umframmagn hinna getur einnig verið hættulegt. Sumir þessara málma safnast fyrir í lifur og nýrum. Málmar eru frumefni og brotna því aldrei niður eins og skaðleg efnasambönd geta gert.“ Samkvæmt þeirri skýrslu sem liggur til grundvallar í tillögu þessari er mjög alvarleg blýmengun við sjávarsíðuna og þá aðallega í Kollafirði. Þar er mikilvæg sjófuglabyggð og varpstöðvar fuglategunda sem eru jafnvel á válista. Á tyllidögum er því hampað að í Reykjavík sé öflug umhverfisstefna og sitja Vinstri grænir bæði í borgarstjórn og ríkisstjórn. Því er það kaldhæðnislegt að undir forystu þess flokks í Umhverfis- og heilbrigðisráði Reykjavíkur að litið er fram hjá þessum umhverfisspjöllum. Því er óhjákvæmilegt annað en að æfingasvæðunum verði fundinn nýr staður þar sem sátt ríkir um þessa starfsemi. Fyrsta krafan er sú að banna blý í elstu íþróttagrein Íslands og elsta íþróttafélagi innan Reykjavíkur sem hefur starfað í rúma öld. Finnum sátt og flytjum skotsvæðið sem allir njóta sín – samfélagið, skotmenn og náttúran. Til þess þarf samtal við meirihlutann í Reykjavík um framtíðarlausn öllum til heilla. Skýrsla fylgir.